

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur mánudaginn 20. september 2021

Mál nr. S-1370/2021:

Ákærvaldið

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Auður Tinna Aðalbjarnardóttir lögmaður)

Dómur

I.

Ákæra, dómkröfur, o.fl.:

Mál þetta, sem dómtekið var 30. ágúst 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 9. mars sama ár, á hendur X, kt. [...], [...], [...], „fyrir brot gegn lögreglulögum með því að hafa, þriðjudaginn 19. mars 2019, óhlýðnast fyrir mælum lögreglu um að færa sig frá aðalinngangi Alþingis, að Kirkjustræti í Reykjavík, og í kjölfarið hindrað lögreglumenn að störfum með því að stíga í veg fyrir þá er þeir voru að færa handtekinn mann í átt að lögreglubifreið á vettvangi.

Telst brot þetta varða við 19. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., og 21. gr., sbr. 44. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákæran var birt 18. mars 2021 og málið þingfest 7. apríl sama ár. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af ákæru en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Þá er gerð krafa um að allur sakarkostnaður málsins verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans.

II.

Málsatvik:

Þriðjudaginn 19. mars 2019 var óskað eftir aðstoð lögreglu við Alþingi þar sem hópur fólks hafði safnast saman við innganga og bifreiðageymslu Alþingihússins og tengibygginga. Hópurinn var kominn til að mótmæla aðgerðum stjórnvalda sem tengdust brottvísun umsækjanda, einum eða fleiri, um alþjóðlega vernd. Beiðnin um lögregluaðstoð barst frá þingvörðum og laut hún að því að lögregla hlutaðist til um að aðgengi að þinghúsinu yrði óheft. Í framhaldi var ákveðið að aðgerðir lögreglu miðuðu að því að tryggja aðgengi og umferð fólks um aðalinngang hússins, sem er í viðbyggingu við Alþingishúsið, Skál-anum við Kirkjustræti, gegnt Austurvelli.

Samkvæmt frumskýrslu var hópnum gefin ítrekuð fyrirmæli um að fara frá téðum inn-gangi. Þá var þeim fyrirmælum fylgt eftir með því að lögreglumenn ýttu við þeim sem ekki létu sér segjast, auk þess sem viðkomandi voru varaðir við valdbeitingu og mögu- legum eftirmálum innan refsivörslukerfisins ef ekki væri farið að fyrirmælum lögreglu. Leiddi þetta meðal annars til þess að ákærði, sem var meðal mótmælenda, var handtekinn og færður á lögreglustöð. Þá voru tvö önnur úr hópnum einnig handtekin á svipuðum tíma. Ákærði gaf skýrslu síðar sama dag með réttarstöðu sakbornings þar sem hann neitaði sök og kvaðst ekki hafa óhlýðnast fyrirmælum lögreglu. Ákærði var í framhaldi látinn laus úr haldi lögreglu en samhliða var honum boðið að ljúka málinn með því að gangast undir greiðslu fésektar hjá lögreglustjóra. Ákærði hafnaði því boði.

Meðal rannsóknargagna er mynd- og hljóðupptaka af umræddum atvikum sem hafði verið birt opinberlega á vefsíðu fjölmiðils í tengslum við fréttaf lutning á þeim tíma. Á upptökunni kemur meðal annars fram að lögregla hafi í greint skipti endurtekið gefið fyrrgreind fyrirmæli og viðvaranir á íslensku þess efnis að þau ættu að að færa sig frá téðum aðalinngangi. Þá sést þegar fólkið virðist ekki fara eftir fyrirmælum lögreglu um að færa sig frá og sést þar sem það stendur að mestu kyrrt með hendur upp í loft með framvísandi lófa. Meirihluti hópsins, eða langflestir, sjást vera með límborða festan yfir munn og þá sjást áletranir í lófum þeirra. Á upptökunni sést meðal annars til ákærða í tengslum við þessi atvik þar sem hann kemur að téðum inngangi og virðist standa þar eða nálægt þar til honum og fleirum er ýtt til hliðar samhliða fyrirmælum lögreglu. Einnig sést hann síðar í upptöku ganga fyrir lögreglumenn, bakkandi á hægum gönguhraða og andspænis þeim með báðar hendur á lofti þar sem hinir síðarnefndu eru að færa hand- tekna manneskju úr hópnum í lögreglubifreið. Síðan sést þar sem ákærði er einnig hand- tekinn á svipuðum tíma og færður í lögreglubifreið.

Ákærði gaf aðra skýrslu 25. ágúst 2020 með sömu réttarstöðu og áður þar sem hann að nokkru leyti tjáði sig frekar um sakarefnið út frá fyrrgreindri upptöku en vísaði að öðru leyti til fyrri framburðar.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Ákærði bar meðal annars um að umrædd mótmæli hefðu verið ein af mörgum á þeim tíma sem atvik áttu sér stað. Hópur af hælisleitendum hér á landi hefði komið saman til að krefjast grundvallarmannréttinda. Þá hefði þeim fylgt stuðningshópur og ákærði verið meðal þess fólks. Hópurinn hefði fyrr um daginn hist í Iðnó við Vonarstræti og undirbúið mótmælin. Um hefði verið að ræða friðsamlegan mótmælagjörning en lögregla hefði áður verið búin að koma fram við þau af hörku þegar þau voru við mótmæli. Þau hefðu þennan tiltekna dag ákveðið að haga gjörningnum með þeim hætti að vera með hendurnar upp í loft auk þess að vera með skrifuð skilaboð í lófunum, *stop deportation*. Þá hefðu allir þátttakendur verið með límband fyrir munninum. Markmiðið hefði verið að koma á framfæri nánar tilgreindum kröfum varðandi stöðu flóttamanna í landinu. Engin hætta hefði verið á ferðum, mótmælin verið friðsamleg og þau snúist um mannúð og samstöðu. Hópurinn hefði til að byrja með skipt sér upp og tekið stöðu við innganga Alþinghússins og viðbygginga þess. Tilgangurinn hefði verið að allir sem ættu leið um myнду sjá skilaboðin. Þá hefði hópurinn ekki verið að hindra neinn í því að fara um.

Allur hópurinn hefði einhverju síðar safnast saman við aðalinnganginn en það hefði verið þegar lögregla var komin á staðinn. Ákærða hefði verið ýtt frá ásamt öðrum og þeim sagt að þau mættu ekki standa á þeim stað þar sem þau voru. Þau hefðu ekki verið að hindra neinn í því að ganga inn eða úr húsnæðinu og sæist það vel í myndupptöku. Eftir það hefði ákærði, ásamt fleirum, staðið til hliðar við innganginn og honum ekki fundist hann fá nein frekari fyrirmæli. Þá hefði enginn af lögreglu talað beint við ákærða. Honum og fleirum hefði verið ýtt frá af lögreglu og hún talað almennt til hópsins. Hvað fyrirmæli lögreglu varðar þá kvaðst ákærði hafa skilið þau með þeim hætti að mótmælendum væri ekki heimilt að standa fyrir framan téðan aðalinngang og að lögregla hefði skilgreint svæðið sem bannað væri að vera á með þeim hætti. Hann hefði hins vegar ekki talið sig vera fyrir neinum þegar hann var búinn að færa sig til hliðar.

Það sem síðan hefði gerst var að einn úr hópnum var handtekinn og færður í lögreglu-bifreið. Þá hefði það gerst einhverju síðar að önnur úr hópnum, A, hefði spurt lögreglu

hvort unnt væri að endurtaka fyrirmælin á ensku. Lögregla hefði þá handtekið A. Ákærða hefði verið mjög brugðið við að sjá það gerast. A hefði aðeins verið að biðja um tillitsemi lögreglu í garð þeirra útlendinga sem voru á staðnum og skildu ekki íslensku. Lögreglumennirnir hefðu fært A að lögreglubifreið og ákærði þá gengið fram hjá, snúið sér að þeim og haft hendur uppi og límband fyrir munni, eins og áður, samhliða því að hann gekk aftur á bak allan tímann. Fyrir honum hefði aðeins vakað að leita skýringa á handtökunni en ekki að hann ætlaði að stöðva lögreglu eða hindra téða handtöku. Þá hefði engin hætta stafað af honum. Þetta hefði hins vegar leitt til þess að hann var líka handtekinn og án þess að honum væru gefin fyrirmæli um að hann mætti ekki vera á þeim stað sem var kominn á. Eftir það hefði honum virst af tali lögreglu, til að byrja með, að ekki væri fullkomin vissa um hvort hann væri handtekinn eða hvort næg ástæða væri fyrir handtöku. Hann hefði í framhaldi verið færður á lögreglustöð og vistaður í fangageymslu. Þá hefði komið til nánar tilgreindra samskipta við lögreglu varðandi lögmannsaðstoð þegar ætlast var til að hann gæfi skýrslu í þágu rannsóknar sakamáls á hendur honum vegna fyrrgreindra atvika.

2.

Aðalvarðstjóri nr. B bar meðal annars um að þingverðir Alþingis hefðu óskað eftir aðstoð lögreglu vegna mótmælenda sem voru búnir að taka sér stöðu fyrir framan og aftan þinghúsið, viðbyggingu þess og bílakjallara og loka fyrir inn- og útganga. Lögregla hefði farið skjótt á staðinn og rætt við yfirmann þingvarða. Þingverðir hefðu óskað eftir að lögregla myndi sjá til þess að aðalinnangi yrði haldið opnum en annað yrði látið eiga sig. Mótmælendur hefðu verið taldir valda truflun á staðnum og fólk í þinghúsinu veigrað sér við að fara inn og út. Mótmælendur hefðu ekki verið með læti en þeir verið búnir að taka sér stöðu við húsnæðið með fyrrgreindum hætti. Lögreglumenn hefðu til að byrja með verið þrír talsins en fleiri hefðu síðan bæst við. Fyrrgreind beiðni frá þingvörðum hefði borið brátt að og því hefði lögregla ekki verið með sérstakan undirbúning og ráðrúm ekki gefist til lokunar með girðingu eða til sýnilegra merkinga. Lögregla hefði rætt almennt við mótmælendur og gefið fyrirmæli um að hópurinn ætti að færa sig frá aðalinnangi. Fyrirmælin hefðu verið á þá leið að hópurinn átti að færa sig til hliðar og síðan lengra frá innganginum. Þá hefði þeim sem færðu sig til hliðar verið gefin aftur fyrirmæli um að færa sig. Mótmælendur hefðu hins vegar verið að koma til baka og taka sér stöðu að nýju við innganginn þrátt fyrir skipanir lögreglu. Byrjað hefði verið á því að gefa skipanir en síðan hefði verið farið út í það að ýta fólki frá. Lögregla hefði verið að standa vörð um þinghelgi Alþingis en tilgangurinn hefði ekki verið að banna fólkinu að mótmæla. Fyrirmælin hefðu verið margítrekuð en mótmælendur ekki farið eftir þeim. Það hefði meðal annars leitt til þess að fólk var handtekið á staðnum. Ákærði hefði verið handtekinn þar sem hann hlýddi ekki fyrirmælum lögreglu, auk þess sem hann hefði

gengið í veg fyrir lögreglu þegar verið var að færa annan sem var handtekinn í lögreglu-bifreið. Áður hefði verið búið að gefa ákærða skipanir og ýta við honum en hann hefði síðan verið að hindra handtöku með fyrrgreindum hætti. Handtakan hefði því átt rétt á sér og fullreynt með vægari úrræði.

3.

Aðalvarðstjóri nr. C bar meðal annars um að hafa verið stjórnandi lögreglu á vettvangi í umrætt skipti. Lýsti hann fyrrgreindri aðkomu lögreglu og samskiptum við þingverði á staðnum með svipuðum hætti og áður greinir um fyrrgreint vitni, aðalvarðstjóra nr. B. Mótmælendur hefðu verið búnir að taka sér stöðu og hindra aðgengi að bílageymslu og aðal- og bakdyrum. Fólk inni í húsnæði Alþingis hefði veigrað sér við að fara út. Þingverðir hefðu óskað eftir við lögreglu að mótmælendur yrðu færðir frá aðalinngangi. Lögregla hefði til að byrja með verið falið en fleiri lögreglumenn hefðu síðar komið á staðinn. Viðbúnaður lögreglu hefði verið eftir því. Ekki hefði reynst unnt að afmarka svæði með girðingu eða merkingum þar sem beiðni þingvarða bar brátt að. Reynt hefði verið að tala við mótmælendur og gefa þeim fyrirmæli. Það að lögregla var komin á staðinn hefði leitt til þess að aðrir mótmælendur, sem höfðu verið á bak við Alþinghúsið, færðu sig að aðalinnganginum og tóku sér stöðu með hinum sem þar voru fyrir. Lögregla hefði rætt við og gefið mótmælendum fyrirmæli, sem hópi fólks, og kvaðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir ákærða í því sambandi. Fyrirmælin hefðu verið á þá leið að hópurrinn átti að færa sig frá aðalinngangi svo að aðgengi væri óhindrað. Ljóst hefði verið hvað lögregla var að gera á staðnum. Þetta hefði síðan leitt til þess að farið var út í það að stugga við hópnum og ýta þeim í burtu. Fólknið hefði hins vegar ekki látið sér segjast þrátt fyrir margítrekuð fyrirmæli. Síðar hefði komið til handtöku þriggja einstaklinga úr hópnum, þar með talið ákærða. Lögregla hefði verið að reyna að beina hópnum að horni þinghússins við Kirkjustræti þannig að nokkurt rými myndaðist við innganginn. Búið hefði verið að ýta fólkinu frá en þá hefðu aðrir úr hópnum endurtekið verið að koma til baka og færa sig fyrir þannig að stangaðist á við fyrirmælin. Þá hefði fólknið, eftir fyrrgreindar handtökur, að lokum fært sig á þann stað sem því var ætlað að vera á.

Hvað ákærða varðar þá hefði hann verið meðal hóps mótmælenda og staðið til hliðar. Hann hefði síðan gengið í veg fyrir og truflað störf lögreglu þegar verið var að handtaka einn af mótmælendum. Sú háttsemi ákærða hefði falið í sér hindrun við störf lögreglu og leitt til þess að hann var handtekinn. Hann hefði þá verið búinn með alla *sénsa*. Áður hefði verið búið að ýta honum frá og hann verið búinn að koma inn á svæði sem hann átti ekki að vera á.

4.

Vitnið A greindi meðal annars frá því að hafa tekið þátt í mótmælunum við umræddan aðalinngang. Hún hefði skilið fyrirumáli lögreglu á þá leið að mótmælendur ættu að fara frá aðalinnganginum. Margir úr hópnum hefðu hlýtt því en lögregla hefði verið með ruddaskap gagnvart þeim þar sem þau voru við sjálfsgöð mótmæli. Hópurinn hefði hins vegar ekki fengið mikinn tíma til að færa sig og lögregla fljótt verið byrjuð að hrinda fólki frá. Þeim hefðu verið gefin fyrirumáli um að fara frá dyrunum við aðalinnganginn en ekki að þau ættu að færa sig á tiltekinn stað. Ákærði hefði ekki verið fyrir dyrunum á neinum tímamarki og kvaðst vitnið telja að hann hefði allan tímann staðið hægra megin við dyrnar. Hún hefði ranglega verið handtekin á staðnum og ákærði á þeim tíma gengið með fram henni og lögreglu og hann verið á hreyfingu allan tímann. Hann hefði hvorki verið fyrir þeim né staðið kyrr og aldrei á neinn hátt reynt að hindra það að hún væri færð í lögreglubifreiðina.

5.

Vitnið D bar meðal annars um að hún hefði verið hluti af hópi téðra mótmælenda. Hún hefði framan af verið við bakhlið Alþingishússins en fært sig að aðalinngangi um það leyti sem lögregla byrjaði að handtaka mótmælendur. Kvaðst hún hafa séð vel til ákærða á staðnum. Hún hefði skilið fyrirumáli lögreglu á þá leið að hópurinn ætti að fara frá innganginum en hann mætti vera á þeim stað þar sem þeim var ýtt. Það hefði síðan ekki reynst vera nægjanlegt að mati lögreglu. Handtökurnar hefðu byrjað allt í einu en flestir í hópnum hefðu á þeim tíma verið komnir frá téðum inngangi. Atvik hefðu gerst hratt og handtökurnar verið ónauðsynlegar að hennar mati. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð hvort ákærði var fyrir lögreglunni þegar hann var handtekinn.

IV.

Niðurstöður:

Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 11. gr. laga nr. 97/1995, eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. er kveðið á um að hver maður eigi rétt á að láta hugsanir sínar í ljós, en hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Er hér um víðtæka vernd tjáningarfrelsisins að ræða og hefur ákvæðið verið skýrt svo að í því sé fólgin réttur manna til að miðla upplýsingum með öllum formum tjáningar. Frelsi þetta nær þannig bæði til prentaðs og talaðs máls, auk tjáningar sem felst í annars konar athöfnum. Þá segir í 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, að menn eigi rétt á að safnast saman vopnlausir, en lögreglu sé heimilt að vera við almennar samkomur. Í niðurlagi greinarinnar kemur síðan fram að banna megi mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

Með fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar er slegið föstum almennum rétti einstaklinga til þess að láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir með friðsamlegum hætti. Þá verða ákvæðin ekki túlkuð öðruvísi en svo að af þeim verði leiddur réttur hóps einstaklinga til að nýta saman tjáningarfrelsi sitt með fundum eða sameiginlegum mótmælum, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 65/1999 og 820/2014 og dóm Landsréttar í máli nr. 336/2019. Verða rétti þessum ekki settar skorður nema með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sem og 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt og má enginn raska friði þess né frelsi. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga er hlutverk lögreglu meðal annars að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu og vernda opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Þá greinir í e-lið sömu málsgreinar að hlutverk lögreglu sé að veita yfirvöldum vernd samkvæmt fyrirmælum laga eða venju, eftir því sem þörf er á. Af þessu leiðir að lögreglu ber meðal annars skylda til að gæta að þinghelgi og starfsfriði Alþingis, sem og halda uppi lögum og reglu og gæta að allsherjarreglu, eftir því sem við á. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga er lögreglu meðal annars heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu. Þá er lögreglu, samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar, í þessu skyni meðal annars heimilt að banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að vísa á brott eða fjarlægja fólk o.fl. Þessu til viðbótar er meðal annars kveðið á um það í 19. gr., sbr. 44. gr., sömu laga, að almenningi sé skylt, að viðlagðri refsíabýrgð, að hlýða fyrirmælum sem lögregla gefur til að halda uppi lögum og reglu á almannafæri. Ljóst er af efnislegu samhengi fyrrgreindra ákvæða í lögreglulögum að þau eru náskyld og verður að taka mið af því við túlkun. Jafnframt er ljóst af 1. mgr., sbr. 2. mgr., 15. gr. lögreglulaga að lögreglu eru veittar rúmar heimildir til íhlutunar í málefni borgaranna sé það mat hennar að aðstæður séu með þeim hætti að fullnægi skilyrðum framangreinda ákvæða. Verða aðgerðir lögreglu að miða að lögmætu markmiði, svo sem að tryggja allsherjarreglu og mega þær ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að ná því markmiði svo þær geti talist nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi og samrýmanlegar lýðræðishefðum.

Í málinu liggur fyrir að ákærði og fleira fólk kom saman við Alþingi, sem hópur, til að mótmæla stöðu flóttafólks hér á landi. Samkvæmt framburði ákærða höfðu mótmælin verið skipulögð fyrir um daginn á nálægum stað og tóku mótmælendur sig saman um að safnast saman við Alþingi og hafa í frammi táknrænan gjörning, eins og áður er lýst. Var þetta liður í mótmælum sem fram fóru á almannafæri rétt fyrir utan húsnæði Alþingis.

Framangreind háttsemi telst ótvírætt til tjáningar í merkingu 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að réttur þeirra til að hafa uppi slík mótmæli varð aðeins takmarkaður eftir þeim skilyrðum sem greinir í 3. mgr. greinarinnar og áður er lýst, enda færu mótmælin friðsamlega fram eða ekki væri uggvænt að af þeim leiddi óspektir, sbr. 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Ljóst er af framangreindri myndupptöku og framburði ákærða að umræddir mótmælendur komu sameiginlega fram sem hópur fólks og var ákærði þar á meðal. Liggur fyrir að þau tóku sér stöðu fyrir téðum inngangi, auk þess sem þau færðu sig lítils háttar til hliðar á meðan aðrir úr hópnum færðu sig endurtekið aftur að inngangnum. Samhliða var lögregla að gefa fyrirmæli um að hópurinn ætti að færa sig frá inngangnum. Var því í raun á þeim tíma ekki verið að hlýða fyrirmælum lögreglu, eins og til var ætlast. Mótmælin voru skipulögð og var ákærði hluti af hópnum. Verður hlutur hans ekki aðgreindur frá öðrum í þessu sambandi og gat honum ekki dulist að lögregla var enn að gefa hópnum téð fyrirmæli þrátt fyrir að hluti hópsins hefði fært sig til hliðar. Einnig er ljóst af upptökunni að í aðdraganda þess að ákærði var handtekinn hafði hann vikið nokkur skref frá hópnum og nálgast lögreglumenn, með sömu táknrænu hegðun og áður, þegar þeir voru að færa annan mótmælenda úr hópnum á brott, fyrrgreinda A. Hún hafði þá verið handtekin eftir að hafa haft sig í frammi gagnvart lögreglu. Verður að virða röð þessara atvika og stigmögnun í samhengi en þá var ítrekað búið að gefa ákærða og öðrum fyrrgreind fyrirmæli. Einnig er ljóst af upptökunni að aðgerðir lögreglu, heilt á litið, miðuðu að því að færa hópinn lengra frá inngangnum, auk þess sem þeim aðgerðum var ekki lokið þegar ákærði var handtekinn. Samrýmist það og vætti aðalvarðstjóra nr. C sem bar um það að mótmælendur hefðu að lokum fært sig á það svæði sem lögregla miðaði við og afmarkaðist við horn Alþingishússins, við Kirkjustræti, og það hefði náð fram að ganga eftir fyrrgreindar handtökur.

Heilt á litið var framganga mótmælenda, þar með talið ákærða, við téðan inngang og þar í kring til þess fallin að valda truflun og hindra umferð til og frá aðalinngangi Alþingis. Ljóst er af upptökunni að aðgengi að húsnæðinu var þó ekki alfarið hindrað þar sem sjá má á henni að fólk var að fara þar um með því að smeygja sér á milli mótmælenda og lögreglu. Verður því ekki talið að umrætt aðgengi hafi að öllu leyti verið hindrað með þeim mótmælum sem voru við innganginn. Hins vegar er ljóst af upptökunni að mótmælin höfðu það í för með sér að fólki var gert erfitt um vik að ganga þar um. Einnig voru þau almennt til þess fallin að valda ótta og óróa annarra borgara sem leið áttu um svæðið. Þá er ljóst, vegna þeirrar tilkynningar sem barst til lögreglu, og af vætti fyrrgreindra aðalvarðstjóra varðandi samskipti við þingverði, að af hálfu þingsins var þetta talið trufla aðgengi og valda ótta hjá starfsmönnum. Er því ljóst af framangreindu að

allsherjarreglu var í umrætt skipti raskað á svæðinu, eins og atvikum var háttað. Er það því mat dómsins að með háttsemi sinni hafi ákærði, heilt á litið, og fram að því að hann var handtekinn, átt þátt í því að trufla aðgengi að húsinu og þar með óhlýðnast fyrir-mælum lögreglu um að færa sig frá téðum inngangi eins og til var ætlast. Verður því ekki fallist á með ákærða að hann hafi verið búinn að hlýða fyrir-mælum lögreglu þegar hann var handtekinn. Er það mat dómsins að téð fyrir-mæli hafi samrýmst hlutverki og skyldum lögreglu gagnvart Alþingi, að tryggja aðgengi að húsnæðinu, gæta að allsherjarreglu og halda uppi lögum og reglu á svæðinu.

Þessu til viðbótar verður ekki á það fallist með ákærða að aðgerðir lögreglu hafi falið í sér bann við mótmælum eða skert tjáningar- og fundarfrelsi ákærða. Af vætti fyrrgreindra aðalvarðstjóra fyrir dómi, sem einnig má heyra á umræddri upptöku af atvikum, verður ráðið að mótmælendum var bent á að vera með mótmæli sín annars staðar nálægt og var þeim bent í átt að fyrrgreindu svæði við umrætt horn við Alþingishúsið við Kirkjustræti. Af aðstæðum á vettvangi, sem ráða má af fyrrgreindri upptöku, er ljóst að nægilegt svigrúm var fyrir mótmælendum til að koma saman og mótmæla annars staðar. Þá verður að ætla miðað við tímasetningar í gögnum málsins að mótmælin hafi þegar staðið yfir í nokkurn tíma þegar ákærði var handtekinn. Að mati dómsins er ekkert komið fram um að aðgerðir lögreglu hafi farið í bága við 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar né heldur að lögregla hafi gengið of langt til að ná því markmiði sem að var stefnt.

Jafnframt verður að líta til þess við úrlausn málsins að það er meginregla íslenskrar stjórnskipunar, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar, að enginn geti komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í brád þótt hann vefengi heimildir stjórnvalda, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 387/1993 og 236/2008.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að lögfull sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi óhlýðnast fyrir-mælum lögreglu, eins og greinir í ákæru. Þá verður ekki fallist á með ákærða að fyrir-mæli og aðgerðir lögreglu að öðru leyti í umrætt skipti hafi farið í bága við rétt hans til að mótmæla eða á annan hátt verið ólögmetar. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þann hluta ákæru sem varðar óhlýðni við fyrir-mæli lögreglu og varðar brotið við 19. gr., sbr. 44. gr. lögreglulaga.

Samkvæmt ákæru er ákærða einnig gefið að sök að hafa brotið gegn 21. gr. lögreglulaga með því að hafa hindrað lögreglumenn í störfum með því að stíga í veg fyrir þá þegar þeir voru að færa handtekinn mann í átt að lögreglubifreið á vettvangi. Er þar átt við A, sbr. fyrrgreinda umfjöllun. Framburður vitnisins A um þátt ákærða í tengslum við þessi atvik samrýmst ekki nægjanlega fyrrgreindri myndupptöku þar sem upptakan sýnir að

ákærði steig í greint skipti í veg fyrir umrædda lögglumenn og gekk hægt aftur á bak fyrir framan þá með fyrrgreindri táknrænni hegðun. Þá verður ráðið af framburði vitnisins D að hún hafi ekki séð nægjanlega þann hluta fyrrgreindra atvika sem að lokum leiddu til handtöku ákærða. Að mati dómsins telst því sannað út frá téðri upptöku, sem samrýmist einnig vætti fyrrgreindra aðalvarðstjóra, að ákærði steig í veg fyrir umrædda lögglumenn og gekk hægt aftur á bak fyrir framan þá, eins og áður greinir, á meðan þeir voru að færa hina handteknu í lögglubifreið. Þá eiga öll sömu rök og áður greinir um aðgerðir lögglu í greint skipti einnig við um þennan hluta sakarefnisins, þar með talið um lögmæti og að ekki hafi verið brotið gegn tjáningarfrelsi ákærða og rétti hans til að mótmæla. Að öllu þessu virtu verður fallist á með ákærvaldinu að umræddir lögglumenn hafi sætt hindrun af hálfu ákærða þegar þeir voru að störfum, eins og greinir í ákæru.

Til fleiri atriða þarf hins vegar að líta við mat á því hvort fyrrgreind háttsemi ákærða varði hann refsíabyrgð eins og ákæra er úr garði gerð. Samkvæmt 21. gr. lögglulaga, sem ákært er fyrir, má enginn *á neinn hátt tálma því að maður gegni lögglustörfum*. Orðalag fyrirsagnar með lagaákvæðinu, *bann við að tálma lögglu í störfum sínum*, er rýmra en orðalag sjálfs lagaákvæðisins. Fyrirsögnin er hins vegar ekki hluti lagatextans og hefur því takmarkað gildi fyrir úrlausn málsins. Við túlkun á lagaákvæðinu og hvort það nái utan um háttsemina, eins og henni er lýst í ákæru, er nauðsynlegt að líta til sögulegs bakgrunns ákvæðisins. Í greinargerð segir aðeins að ákvæðið sækir fyrirmynd sína til 1. másl. 3. mgr. 5. gr. þágildandi laga nr. 56/1972 um lögglumenn, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989. Til frekari skýringar þarf hins vegar að fara aftur til uppruna ákvæðisins í lögum sem rekja má aftur til ársins 1933 en sams konar lagaákvæði kom fyrir í 1. mgr. 7 gr. þágildandi laga nr. 92/1933 um lögglumenn. Hið upprunalega lagaákvæði var svohljóðandi: *Lögglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn sem gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni vara-lögglustörfum. [...]. Efnislega samhljóða ákvæði var í 1. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 50/1940 sem leystu lögin frá 1933 af hólmi og í greinargerð var til skýringar vísað til hinna fyrri laga.*

Lög nr. 50/1940 voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 56/1963 um lögglumenn. Í 1. mgr. 6. gr. hinna síðarnefndu laga varð lítils háttar breyting á orðalagi ákvæðanna, svohljóðandi: *Lögglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögglustörfum. [...].* Það var því með lögum nr. 56/1963 að ákvæðið var fært að núverandi mynd

með því að breyta orðalaginu *varalögreglustörf* yfir í *lögreglustörf*. Í greinargerð með ákvæðinu segir að efnisleg merking þess hafi verið hin sama og í fyrrnefndu ákvæði frá árinu 1940. Um ástæður þessarar breytingar er ekki sérstaklega getið í greinargerð með lögnum en við lögskýringu þarf að líta til þeirra breytinga sem að var stefnt með lögnum frá 1963. Markmið þeirra laga var að mæta stórfelldum breytingum á samgöngum, umferð og samkomuhaldi í landinu, auk krafna um aukna löggæslu. Fram að setningu þeirra laga var sá háttur hafður á í landinu að kallaðar voru út sjálfboðaliðasveitir lögreglu þegar aukinnar löggæslu var þörf, sbr. Alþt. 1962, A-deild, bls. 171 og Alþt., 1939, A-deild, bls. 765. Í greinargerð með lögum nr. 56/1963 greinir meðal annars að þetta fyrirkomulag hafi á þeim tíma verið talið óraunhæft og að nauðsynlegt væri að koma á fót skipulögðu aðstoðarliði lögreglu til að mæta aukinni þörf fyrir löggæslu á álagstímum. Var það nánar útfært í 8. gr. laganna þar sem kveðið var á um héraðslögreglumenn og var þeim ætlað að gegna almennum löggæslustörfum í héraði þegar á þyrfti að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannafundum og skemmtunum. Ennþá var gert ráð fyrir varalögreglumönnum, sbr. 4. gr. laganna, en þeirra liðsinni var miðað við sérstök tilvik eða afbrigðilegar þjóðfélagsaðstæður, til dæmis við uppþot og óeirðir eða opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja þar sem víðtækrar öryggisgæslu væri þörf. Að öllu framangreindu virtu má rekja fyrrgreinda orðalagsbreytingu við breytingu á tilhögun aðstoðarliðs lögreglu í landinu, eins og því var háttað á þeim tíma.

Lögin frá 1963 voru felld úr gildi með lögum nr. 56/1972. Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. hinna síðari laga var ákvæðið efnislega samhljóða því sem það var í hinum eldri lögum. Þá kemur hið sama fram í greinargerð. Með breytingalögum nr. 64/1989 var lagaákvæðinu skipt upp í þrjár málsgreinar og var því ákvæði sem kom fram í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna skipað í 3. mgr. sömu lagagreinar án orðalagsbreytingar. Með þessu var ákvæðið klofið og fært nær þeirri mynd sem það er í dag. Kemur og fram í greinargerð að 1. mgr. ákvæðisins væri samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. væri samhljóða 2. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. hinna eldri laga, en að efnisleg breyting kæmi fram í 2. mgr. 5. gr. laganna. Þá var þetta í samræmi við meginmarkmið lagabreytingarinnar sem laut að því að tryggja að löggæsla reglubundins lögregluliðs yrði innt af hendi af mönnum sem lokið hefðu prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Er því ljóst að tilgangur löggjafans með breytingunni var ekki að víkka gildissvið eða efnislega merkingu málsliðarins með því að færa hann í sérstaka málsgrein. Ber því að skýra 3. mgr. 5. gr. í tengslum við 1. mgr. sömu lagagreinar.

Að öllu þessu virtu og einkum þegar litið er til forsögu 21. gr. lögreglulaga má vera ljóst að sams konar lagaákvæði hafa framan af staðið í lögum í samhengi við heimildir lögreglu til að kveðja sér til aðstoðar sérstaka aðstoðarmenn eða varalið. Þá hafa ákvæðin í

tímans rás tekið mið af samfélagslegum breytingum og þróun sem hefur átt sér stað í landinu og starfsemi og skipulagi lögreglu. Verður því að draga þá ályktun að sú tálmun sem lögð er refsing við samkvæmt 21. gr., sbr. 44. gr., lögreglulaga taki fyrst og fremst til þeirrar háttsemi þegar maður er á einhvern hátt hindraður í því að gegna lögreglustörfum sem hann hefur verið skipaður, ráðinn eða kvaddur til að gegna, sbr. 10., 20. og 28. gr. lögreglulaga. Ákvæðinu sé ætlað að standa vörð um þá hagsmuni að þeir menn sem gegna lögreglustörfum, eða koma að þeim störfum á einn eða annan hátt, séu ekki á neinn hátt hindraðir í því að taka þau að sér, annast eða sinna þeim. Ákvæðið hverfist því fyrst og fremst um lagalega vernd starfssambandsins og að því sé ekki á neinn hátt raskað. Þá sé ákvæðinu síður ætlað að ná utan um þá háttsemi þegar borgararnir setja sig upp á móti einstökum verkefnum eða skyldustörfum lögreglu sem birtist til að mynda í mótþróa eða tálmunum af ýmsum toga gagnvart lögreglumönnum. Í því sambandi verður og að líta til þess, almennt séð, að það hefur tíðkast áratugum saman í framkvæmd æðra ákærvalds, í málum sem varða ýmiss konar tálmanir og mótþróa borgaranna gagnvart störfum lögreglu, að heimfæra slík meint brot í ákæru fyrst og fremst undir ákvæði XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem brot gegn valdstjórninni, einkum 1. og/eða 2. mgr. 106. gr. þeirra laga. Þá hefur æðri dómaframkvæmd tekið mið af því. Ekki er hins vegar ákært fyrir meint valdstjórnarbrott í því máli sem hér er til umfjöllunar og þá myndi slíkt mál heyra undir valdmörk héraðssaksóknara, sbr. b-lið 2. mgr. 23. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá hefur málið ekki verið sótt og varið á þeim grundvelli. Að öllu framangreindu virtu er ljóst að háttsemi sú sem ákærða er gefin að sök samkvæmt ákæru með því að hindra lögreglumenn að störfum, eins og greinir í síðari hluta verknadarlýsingar ákæru, á ekki nægjanlega undir 21. gr. lögreglulaga. Verður ákærði því sýknaður af því meinta broti samkvæmt ákæru.

Ákærði er fæddur í mars 1988. Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 4. mars 2021, hefur hann ekki áður gerst brotlegur við refsilög og horfir það til málsbóta, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Tafir hafa orðið á meðferð málsins og verður tekið tillit til þess. Jafnframt horfir til málsbóta, sbr. 7. tölul. sömu málsgreinar, að allt bendir til þess að fyrir ákærða hafi vakað að standa vörð um mannúð og velferð fólks sem var í lögskiptum við stjórnvöld vegna beiðna um alþjóðlega vernd. Þá hefur ekkert komið fram um að hætta eða tjón hafi hlotist af háttseminni. Þessu til viðbótar verður ráðið af æðri dómaframkvæmd að við refsíákvörðun verði að taka sérstakt tillit til þess þegar brot af þeim toga sem hér um ræðir stendur í samhengi við atvik og tjáningarfrelsi sem áður er rakið. Að öllu þessu virtu þykir rétt að fresta ákvörðun refsingar ákærða á þann hátt sem nánar greinir í dómsorði.

Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Auðar Tinnu Aðalbjarnardóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast að mestu af tímaskýrslu 450.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Til sakarkostnaðar telst einnig þóknun tilnefnds verjanda ákærða, Védísar Evu Guðmundsdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi, sem ræðst að mestu af tímaskýrslu, 100.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins. Vegna úrslita málsins verður ákærði dæmdur til að greiða helming framangreinds sakarkostnaðar, 275.000 krónur með virðisaukaskatti, en helmingur sem út af stendur verður felldur á ríkissjóð.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Frestað er ákvörðun refsingar ákærða, X, skilorðsbundið í eitt ár frá uppsögu dómsins að telja og skal hún falla niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði samtals 275.000 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs, og er þar innifalinn helmingur málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Auðar Tinnu Aðalbjarnardóttur lögmanns, sem í heild nema 450.000 krónum, og helmingur þóknunar tilnefnds verjanda, Védísar Evu Guðmundsdóttur lögmanns, sem í heild nemur 100.000 krónum. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Daði Kristjánsson